

Ed.

441. Frumvarp til laga

[170. mál]

um lækningaferðir.

(Lagt fyrir Alþingi á 74. löggjafarþingi, 1955).

1. gr.

Það er hlutverk laga þessara að auðvelda fólki í byggðum, sem langt eiga að sækja til augnlæknis, háls- nef- og eyrnalæknis og tannlæknis að ná til þessara sérfræðinga og njóta þjónustu þeirra.

2. gr.

Í því skyni, sem í 1. gr. getur, semur ráðherra við nægilega marga hlutaðeigandi sérfræðinga um árlegar lækningaferðir um landið með viðkomu og hæfilega langri dvöl á þeim stöðum, þar sem ætla má, að þjónustu þeirra sé mest þörf og hennar verði auðveldast og almennast notið.

Þegar því verður við komið, skal fela einum sérfræðingi hverrar greinar að ferðast um tiltekinn landshluta, og ef unnt er þeim sérfræðingi, sem búsettur er í þeim landshluta.

3. gr.

Verja má fé úr ríkissjóði til styrktar lækningaferðum, eftir því sem fjárlög heimila á hverjum tíma.

Það er kvöð á því sveitarfélagi, þar sem sérfræðingur í lækningaferð samkvæmt lögum þessum hefur viðdvöl, að það sjái honum fyrir viðunandi ókeypis húsnæði til starfa sinna, svo sem í sjúkrahúsi eða læknisbústað staðarins, skólahúsi, samkomuhúsi eða annars staðar, eftir því sem á stendur.

4. gr.

Lög þessi ganga í gildi þegar í stað, og falla jafnframt úr gildi lög nr. 12 25. janúar 1934 um augnlækningaferðir.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Augnlækningaferðir um landið að opinberri tilhlutan hafa lengi tíðkapt og gefið góða raun. Mun enginn telja eftir þá óverulegu fjárhæð, sem til þeirra er varið úr ríkissjóði.

Meðal almennings eru uppi háværar raddir um, að skipulagðar verði á svipaðan hátt lækningaferðir háls-, nef- og eyrnalækna, en enginn slíkur sérfræðingur er nú búsettur utan Reykjavíkur. Taka héraðslæknar mjög almennt undir þessar kröfur.

Tannlæknum fjölgar nú að visu ört, en enn á það langt í land, að tannlæknar dreifist um landið, svo sem þörf væri á, Nokkuð hefur það bætt úr tannlæknaskortinum, að tannlæknar hafa að eigin frumkvæði ferðast allviða um landið, en á það þykir skorta, að þær ferðir séu nægilega reglubundnar og komi að svo almennum notum sem skyldi.

Með frumvarpi þessu er stefnt að því að skipuleggja þessar lækningaferðir í heild, þannig að þær megi verða að sem almennustum notum.

Til augnlækningaferða eru nú veittar á fjárlögum kr. 7200.00. Þó að sú fjárveiting yrði liðlega þrefölduð í því skyni að auka þessa þjónustu, eins og frumvarpið gerir ráð fyrir, verða það tæplega talin tilfinnanleg útgjöld.

Samráð hafa verið höfð við stéttarfélag lækna og tannlækna um efni þessa frumvarps, og stendur ekki á fylgi þeirra við það.